

FUNDARGERÐ BYGGÐARRÁÐS HÚNAÞINGS VESTRA

866. fundur byggðarráðs Húnaþings vestra haldinn mánudaginn 20. apríl 2015 kl. 14:00 í fundarsal Ráðhússins.

Fundinn sátu:

Elín Jóna Rósinberg, aðalmaður, Unnur Valborg Hilmarsdóttir, aðalmaður, Elín R. Líndal, aðalmaður.

Embættismenn:

Guðrún Ragnarsdóttir, sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs

Fundarritari:

Guðrún Ragnarsdóttir

Afgreiðslur:

1. 1504042 Útboð skólaaksturs.

Skólastjóri grunnskóla er mættur á fund byggðarráðs til að fara yfir stöðu mála varðandi útboð skólaaksturs skólaárin 2015/2016 til og með 2018/2019. Byggðarráð samþykkir framlögð drög að útboðsgögnum og felur skólastjóra að auglýsa útboðið.

2. 1504002 Veiðifélag Miðfirðinga.

Lögð fram til kynningar ársskýrsla Veiðifélags Miðfirðinga árið 2014 ásamt ársreikningi.

3. 1504037 Fundargerð SSNV.

Lögð fram til kynningar fundargerð stjórnar SSNV frá 31. mars sl.

4. 1504038. Nemendaráð Grunnskóla Húnaþings vestra.

Lagt fram erindi frá nemendaráði Grunnskóla Húnaþings vestra dags. 13. apríl sl. þar sem óskað er eftir fjárframlagi til að standa undir kostnaði við útskrift 10. bekkjar, en hefð er fyrir því að bjóða foreldrum, kennurum og nemendum í mat eftir útskrift. Byggðarráð tekur vel í erindið og felur skólastjóra og nemendaráði að koma með kostnaðaráætlun og leggja fyrir byggðarráð.

5. 1504048 Svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs.

Lögð fram drög að svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs á Norðurlandi 2015-2026. Byggðarráð samþykkir framlögð drög.

6. 1504039 Fundarboð Veiðifélags Arnarvatnsheiðar og Tvídægru.

Lagt fram aðalfundarboð Veiðifélags Arnarvatnsheiðar- og Tvídægru, sem haldinn verður í Laxahvammi í dag þann 20. apríl kl 21:00. Byggðarráð samþykkir að

sveitarstjóri verði fulltrúi sveitarfélagsins á fundinum og oddviti til vara.

7. 1504040 Erindi frá MAST

Lagður fram tölvupóstur frá Mast dags. 13. apríl sl., þar sem óskað er eftir heimild sveitarstjórnar til að brenna riðusmitaðan úrgang á bænum Neðra-Vatnshorni. Byggðarráð samþykkir að höfðu samráði við slökkviliðsstjóra að heimila ofangreinda beiðni að því gefnu að slökkviliðsstjóri verði látinn vita af fyrirhuguðum brennutíma með að minnsta kosti 6 klst. fyrirvara.

8. Skipan vinnuhóps

Byggðarráð samþykkir að skipa sveitarstjóra, umhverfisstjóra, einn fulltrúa frá grunnskóla og einn fulltrúa frá leikskóla í vinnuhóp sem hefur það verkefni að koma með tillögur að skipulagi á svæðinu frá íþróttahúsi að leikskóla og leggja fyrir byggðarráð. Vinnuhópurinn kalli eftir hugmyndum frá m.a. fulltrúum foreldrafélaga, íþrótta- og tómstundafulltrúa, fulltrúa tónlistarskóla og annarra þeirra sem málið snertir og fá þeirra hugmyndir að skipulagi svæðisins. Sveitarstjóri kallar vinnuhópinn saman. Vinnuhópurinn skili tillögum til byggðarráðs í síðasta lagi 20. júní nk.

9. 1501042 Bílastæði við Nestún

Lagt fram erindi frá Félagi eldri borgara og íbúum í Nestúni, þar sem óskað er eftir að fjölgað verði bílastæðum við Nestún. Byggðarráð felur rekstrarstjóra að skoða aðstæður og kostnaðarmeta verkið. Byggðarráð biðst velvirðingar á þeim tögum sem orðið hafa á afgreiðslu þessa erindis.

10. Málefni safna

Sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs fór yfir stöðu safnamála í Húnaþingi vestra og hugmyndir um breytingar.

11. 1504027 Samkeppniseftirlitið

Lagt fram bréf Samkeppniseftirlitsins dags. 13. apríl sl. um markaðsrannsókn á eldsneytismarkaði, skipulags- og lóðaúthlutunir. Sveitarstjóra falið að afla gagna um málið og leggja fram drög að svari.

12. 1504044 Reglur fyrir atvinnu- og nýsköpunarsjóð Húnaþings vestra.

Lögð fram drög að breytingum á úthlutunarreglum Atvinnu- og nýsköpunarsjóðs Húnaþings vestra. Úthlutunarreglunum með áorðnum breytingum vísað til afgreiðslu sveitarstjórnar.

13. 1504021 Stuðningur í leikskóla.

Lögð fram umsögn sviðsstjóra fjölskyldusviðs við erindi leikskólastjóra um 50% stöðu stuðningsfulltrúa við leikskólann Ásgarð. Sviðsstjóri mælir með því að byggðarráð samþykki 50% stöðu frá 15. apríl til 15. september 2015, að þeim tíma loknum verði þörf fyrir stuðning við einstaka nemendur tekin til endurskoðunar. Byggðarráð

samþykkir tillögu sviðsstjóra.

Samþykkt að taka á dagskrá:

14. 1504041 Fundarboð Selaseturs Íslands

Lagt fram aðalfundarboð Selaseturs Íslands, sem haldinn verður í Dæli 30. apríl nk. kl 20:00. Samþykkt að sveitarstjóri verði fulltrúi sveitarfélagsins á fundinum og oddviti til vara.

15. 1504042 Bókaútgáfan Hólar

Lagt fram bréf frá Bókaútgáfunni Hólum, þar sem óskað er eftir styrk við útgáfu bókarinnar Hernámsárin á Ströndum og Norðurlandi vestra. Byggðarráð samþykkir að styrkja útgáfuna með kaupum á 10 eintökum af bókinni.

Fundargerð upplestin og samþykkt.

Fundi slitið kl.16:16

Elín Jóna Rósinberg

Elín R. Líndal

Unnur Valborg Hilmarsdóttir.

Guðrún Ragnarsdóttir